



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 28. febrúar 2017

Haldinn að Torfnesi. Fundur settur kl. 16:15. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, formaður BUR, Birgir Örn Birgisson, Guðmundur Einarsson, Sveinn Rúnar Júlíusson, gjaldkeri og Ingi Björn Guðnason sem janframt ritaði fundargerð.

1. Leikmannamál

Rætt um framleingingu samninga og hvernig samræmingu þeirra gæti verið háttáð. Ákveðið að fara yfir samninga sem gerðir hafa verið undanfarin ár og samræma ákvæði áður en gengið er til samninga við leikmenn. Ingólfi falið að ræða óformlega við leikmenn í millitíðinni

2. Húsnæðismál

Rætt um húsnæðismál. Drög að bréfi til Orkubús Vestfjarða lagt fyrir fundinn vegna húsnæðis yfirþjálfara. Birnu falið að senda bréfið. Inga falið að sækja um húsnæði hjá HSV fyrir næsta sumar og næsta vetur. Ingólfi falið að ræða við leikmenn sem eru í húsnæð á vegum HSV og Körfuknattleiksdeild Vestra þarf að skila að loknu tímabili.

3. Aðalfundur

Stefnt að því að halda aðalfund 15. mars næstkomandi. Ingólfur ræðir við Óðinn Gestsson um fundarstjórn.

4. Ársreikningur

Ársreikningur er í vinnslu hjá endurskoðanda Vestra. Dagsetning aðalfundar ræðst af því hvenær tekst að ljúka ársreikningi.

5. Lokahóf meistaraflokks

Stefnt að því að halda lokahóf meistaraflokks laugardaginn 11. mars að loknum lokaleik í deildinni. Rætt um að velja besta leikmann og efnilegasta leikmann liðsins og svo framvegis. Ingólfi falið að fela Yngva Gunnlaugssyni yfirþjálfara að útfæra hugmyndir um viðurkenningar nánar.

6. Önnur mál

- a. Ingólfur greindi frá því að Eimskip óski eftir því að afgangur af klósettpappír sem ekki náðist að selja í síðustu sölu verði fjarlægður. Sveini falið að setja í gang söluferð við fyrsta tækifæri.

Fundi slitið kl. 17:20